



Samgöngumál eru forgangsmál

Bættar samgöngur eru brýnt samfélagsmálefni sem tókst að koma á kortið á síðustu árum og náði eyrum stjórnvalda með þeim hætti að gert var ráð fyrir verulega auknu fjármagni til málaflokksins. Upphafleg fjárlög stjórnvalda fyrir árið 2009 gerðu ráð fyrir rúmlega 32 milljörðum til vegamála, þar af 21 til framkvæmda. Sú upphæð var lækkuð umtalsvert eftir að ljóst var að Íslendingar stóðu frammi fyrir gjörbreyttum veruleika fyrir síðustu áramót. Lækkunin var þó ekki meiri en svo að þessir 21 milljarðar til framkvæmda var svipað fé og var til ráðstöfunar 2008, en þessi tvö ár voru fjárhæðirnar á fjárlögum verulega hærri en áður hafði sést í þennan málaflökk. Síðastliðið vor var framkvæmdaféð enn skorið niður um 3,5 milljarða og endaði í 17,5 milljörðum fyrir árið 2009.

Vegna stöðu ýmissa framkvæmda náðist ekki að nýta það fjármagn sem var til ráðstöfunar árið 2008 og voru 4 milljarðar ónýttir í upphafi árs 2009. Ekki hafa fengist skýr svör um þessa fjóra milljarða en í júní gáfu stjórnvöld í skyn að þessir peningar yrðu nýttir í annað. Flutningasvið Samtaka verslunar og þjónustu hefur fullan skilning á breyttum aðstæðum í samfélaginu en sú staðreynd má ekki leiða til þess að íslensk stjórnvöld setji bættar samgöngur á ís eða leyfi sér að líta á þennan málaflökk sem lúxus sem tilheyri öðru samfélagi.

Samgöngur eru lífæð samfélagsins

Samgöngur eru og verða eitt mikilvægasta hagsmunamál Íslendinga hvort heldur horft er á búsetu almennings eða atvinnustarfsemi. Bættar samgöngur eru brýnar til að auka samkeppnishæfni atvinnulífs um allt land. Þegar ljóst var hvert stefndi í þessum málaflökki í sumar, skoraði flutningasvið SVP á stjórnvöld að leita nýrra lausna í málaflöknum í stað þess að leggja árar í bát. Samfélagið okkar hefur orðið fyrir áfalli en það hefur ekki lagst af og við viljum ekki að áfallið leiði okkur aftur til fortíðar.

Í ljósi þess að fjárveitingar til bættar samgangna eru í algjörrri óvissu í dag er ástæða til að brýna stjórnvöld enn til að taka þetta mál – samgöngur og fjárveitingar til þeirra – til umræðu á breiðum vettvangi. Opna þarf fyrir nýjar hugmyndir um fjármögnun framkvæmda almennt og það þarf að ræða hvaða forsendur skuli ráða fjárveitingum til samgönguframkvæmda.

Uppi eru hugmyndir um að lífeyrisgjöldirnir fjármagni samgönguframkvæmdir og unnið er að undirbúningi þeirra nú. Skv. upplýsingum frá Vegagerðinni er nú unnið að líkani til að forgangsraða. Hvaða aðferðafræði er unnið eftir við þann undirbúning? Sú spurning er ekki aukaatriði heldur skiptir verulegu máli. Stjórnvöld verða

að tryggja opna og gagnsæja umræðu um þessi mál þar sem sérfræðipækkingu af fleiri en einu sviði er hleypt að. Það getur ekki beðið.

Sama upphæð til framkvæmda og 1989

Það er ekki síður þörf á að brýna stjórnvöld til að tryggja að þeir 4 milljarðar sem ekki voru nýttir á árinu 2008 skili sér óskertir í þennan málaflökk á árinu 2009. Í þessu máli er þörf á forgangsroðun og að ákvörðun sé tekin strax. Fjórir milljarðar í framkvæmdir ríkisins til vegamála það sem eftir lifir árs breytir miklu í þessari atvinnugrein en skiptir aftur á móti varla sköpum í fjárhag ríkisins nú um stundir.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er áætlað að 9 milljarðar fari í framkvæmdir á árinu 2010. Það er samsvarendi upphæð og fór í þennan málaflökk á níunda áratug síðustu aldar. Skv. upplýsingum frá Vegagerðinni þýðir þetta að það er ekki rými fyrir nein ný útboð til stærri framkvæmda á árinu 2009 og í raun dekkar þetta varla þær skuldbindingar sem eru í gangi nú þegar og er ekki lokið. Gefið er út að í þjónustu og viðhaldi vegakerfisins skuli skera niður um 10% og var þó ekki um háar fjárhæðir að ræða til þeirra hluta, miðað við umferðaraukningu síðustu áratuga.

Signý
Sigurðardóttir
skrifar



Flutningasvið SVP reiðubúið til samstarfs

Aðildarfyrirtæki flutningasviðs SVP lýsa sig reiðubúin að koma með hugmyndir um hvar má ná niður kostnaði í rekstri ríkisins í ýmsum þeim málum er að þeim snúa og aðstoða stjórnvöld við að draga úr sóun fjármuna þar sem slíkt viðgengst. Það er ekki vafi á það er hægt að spara fjármuni á ýmsum stöðum í ríkiskerfinu án þess að það þurfi að koma niður á þeim málaflökum sem skipta öllu máli fyrir samfélagið eins og á til dæmis við um þjónustu Vegagerðarinnar við vegakerfið.

Aðstæður í þessum málaflökki eru mati flutningasviðs SVP skólábókardæmi um þörf á nýjum aðferðum og nýrri nálgun stjórnvalda við lausn þeirra vandamála sem við er að glíma. Flutningasvið SVP skorar á stjórnvöld og Alþingi að horfa til framtíðar í þessum málaflökki með það að markmiði að tryggja að við förum götuna fram á veg en ekki aftur á bak.

Höfundur er forstöðumaður flutningasviðs SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.